

Bæjarráð Garðabæjar
Áslaug Hulda Jónsdóttir formaður
Garðatorgi 7
210 Garðabæ

Garðabæ, 20. nóvember 2017

FÉLAG ÁHUGAMANNA UM SÖGU BESSASTAÐASKÓLA UMSÓKN UM STYRK VEGNA VIÐBURÐA Á ÁRINU 2018.

INNGANGUR

Félag áhugamanna um sögu Bessastaðaskóla var stofnað árið 2008. Markmið þess er að halda sögu Bessastaðaskóla á lofti, stuðla að rannsóknum á sögu skólans og áhrifum hans á samfélag og menningu.

Á liðnu starfsári stóð félagið að tveimur viðburðum sem voru vel sóttir. Þann 6. maí sl. flutti dr. Ólafur Dýrmundsson búfræðingur flutti erindið „Bújörðin Bessastaðir, búskapur þar og þróun landbúnaðar á Álftanesi“ í Bjarnastaðaskóla. Að erindi loknu var haldið í vettvangsferð um Bessastaðanes undir leiðsögn dr. Ólafs. Viðburðurinn var haldinn í samvinnu við Fugla- og náttúruverndarfélag Álftaness. Þann 7. október sl. var dagskrá helguð Benedikt Gröndal haldin í Bessastaðakirkju í samvinnu við Lista- og menningarfélagið Dægradvöl og Fugla- og náttúruverndarfélag Álftaness. Erindi fluttu Guðmundur Andri Thorsson og Pétur Gunnarsson. Ragnheiður Gröndal og Guðmundur Pétursson fluttu m.a. frumsamin lög við ljóð Benedikts. Kristín Viðarsdóttir verkefnastjóri kynnti starfsemi Gröndalshúss sem opnað var í júní sl. Að dagskrá lokinni bauðst gestum að ganga til Bessastaðastofu og skoða útgefin verk Gröndals og skrifpúlt hans og föður hans, sem þar er varðveitt.

STYRKUMSÓKN FYRIR 2018

Stjórn félagsins áformar að standa að eftirtöldum viðburðum á komandi ári, ef nægur fjárstuðningur fæst :

1. Erindi fornleifafræðings um fornleifauppgröft á Bessastöðum og skoðunarferð í kjallara Bessastaðastofu. Á dagskrá í maí.
2. Hátíðardagskrá 6. október 2018 um þýðingar Sveinbjarnar Egilssonar í tilefni af tíu ára afmæli félagsins. Á dagskránni verða tveir fyrirlestrar um þýðingar Sveinbjörns og tvö tónlistaratriði með skírskotun í ritverk hans.

KOSTNAÐARÁÆTLUN

Fyrirlestur fornleifafræðings um Bessastaðauppgröft	50.000
Fyrirlestur rithöfundar um Sveinbjörn Egilsson	50.000
Fyrirlestur fræðimanns um þýðingar Sveinbjörns	50.000
Frum samið tónverk vegna hátíðardagskrár	100.000
Tónlistaratriði með skírskotun í verk Sveinbjörns	100.000
Greiðsla fyrir aðstöðu í Bessastaðakirkju	25.000
Kynning, veitingar og ófyrirséður kostnaður	25.000
Samtals :	400.000

Félag um sögu Bessastaðaskóla er áhugamannafélag og allur undirbúningur viðburða á vegum þess er sjálfbóðavinna. Félagið leggur áherslu á að leita til lista- og fræðimanna sem búsettir eru í Garðabæ. Með því er leitast við að efla vitund um sameiginlegan og ríkulegan menningararf þeirra byggða sem saman mynda sveitarfélagið Garðabæ. Stjórn félagsins metur mikils stuðning Garðabæjar við félagið á undanförunum árum. Hann hefur sýnt sig að vera grundvallarforsenda fyrir starfsemi á þess vegum. Von okkar er að þeir viðburðir á vegum félagsins hafi orðið til þess að auðga flóru menningarlífs í Garðabæ. Á þeirri forsendu leitum við enn til sveitarfélagsins um stuðning til áframhaldandi starfsemi með von um skilning og jákvæð viðbrögð.

Virðingarfyllst,

Ásdís Bragadóttir formaður
Þorsteinn Hannesson stjórnarmaður
Eiríkur Ágúst Guðjónsson stjórnarmaður

Elsa Harðardóttir varamaður
Pétur H. Ármannsson varamaður

Tengiliður : Ásdís Bragadóttir, Vesturtúni 6, 225 Álftanesi (Garðabæ)